

Nr. 8/1997. Þriðjudaginn 3. júní 1997.
Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands
vegna Sæbergs hf.
 (Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Ólafsjarðar
 (Jóhann Halldórsson hdl.)

Verkfall. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingi-
 björg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjalms-
 son.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí sl., var höfðað með stefnu
 áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 23. maí sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029,
 Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Landssambands íslenskra út-
 vegsmanna, kt. 720269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu, Reykja-
 vík fyrir hönd Útvegsmannafélags Norðurlands, kt. 431096-3239,
 vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi
 16A, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249,
 Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Sjómannafélags Ólafsjarðar, kt.
 610183-0269.

Dómkröfur stefnanda:

Að verkfall Sjómannafélags Ólafsjarðar sem boðað var með
 bréfi dags. 15.5.1997 gegn Sæbergi hf. og tekur til félagsmanna þess
 sem starfa á Hvannabergi ÓF-72 og koma á til framkvæmda kl.
 00:00 þann 6. júní n.k. verði dæmt ólögmaett.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Sjó-
 mannafélags Ólafsjarðar.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar

að skaðlausu að mati dómsins og að tillit verði tekið til virðis-
 aukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

Málavextir.

Með dómi Félagsdóms í máli nr. 15/1996, uppkveðnum 5. mars
 1997, var Sæberg hf. talið hafa brotið gr. 1.03. í kjarasamningi Far-
 manna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra
 útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttækis afla-
 marks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis.

Með bréfi, dags. 13. maí 1997, krafðist stjórn Sjómannafélags Ól-
 afsfjarðar þess að Sæberg hf. leiðrétti uppgjör skipverja á Hvanna-
 bergi ÓF-72 vegna þátttöku þeirra í kvótakaupum útgerðarinnar á
 tímabilinu 31. mars 1995 til 21. mars 1996.

Með bréfi, dags. 15. maí 1997, tilkynnti stjórn Sjómannafélags Ól-
 afsfjarðar Vinnuveitendasambandi Íslands, Sæbergi hf. og Lands-
 sambandi ísl. útvegsmanna að í almennt leynilegri atkvæðagreiðslu
 hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, sem stóð frá 7. til og með 14. maí
 1997, hafi verið samþykkt að boða til ótímabundins verkfalls gegn
 Sæbergi hf., Ólafsfirði, sem taki til þeirra félagsmanna sem starfa á
 Hvannabergi ÓF-72. Samkvæmt samþykktinni skal verkfallið hefj-
 ast kl. 00:00 þann 6. júní 1997 og standa þar til útgerðin fellst á að
 greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamn-
 inga og dóm Félagsdóms í málinu nr. 15/1996 sem kveðinn var upp
 5. mars 1997.

Stefnandi telur verkfallsboðun þessa ólögmeta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 44. gr.
 laga nr. 80/1938. Byggir hann kröfugerð sína á því að stefnandi geti
 ekki beitt verkfalli til að knýja fram greiðslu á kröfu sinni á grund-
 velli dóms Félagsdóms í málinu nr. 15/1996. Um sé að ræða viður-
 kenningardóm um túlkun á kjarasamningi sem fjalli hvorki beint né
 skýlaust um greiðsluskyldu stefnanda, sbr. Fd. V.127. Dómur þessi
 sé fjarri því að vera svo ótvíræð heimild um greiðsluskyldu stefn-
 anda gagnvart þeim mönnum sem uppgjörskrafan lýtur að, að
 heimilt sé að beita vinnustöðvun til þess að knýja útgerðina til
 greiðslu. Með honum sé ekki fengin úrlausn um sjálfa greiðslukröf-
 una en ágreiningur hafi frá upphafi verið, ekki aðeins um forsendur
 hennar heldur einnig útreikning, m.a. með vísan til breytilegs verðs
 á aflamarki á árunum 1995-1996. Heildaraflamagn sé einnig rangt.

Stefnda sé greið dómstólaleið til að fá skorið úr þessum ágreiningi. Tilvitnað Félagsdómsmál, nr. 15/1996, fjalli um skilning á kjarasamningi F.F.S.Í. og stefnanda. Það sé ekki sá samningur sem félagsmenn stefnda starfi eftir en Sjómannasamband Íslands hafi gert sjálfstæðan kjarasamning við stefnanda. Hlutaðeigandi ákvæði í samningum þessum séu ekki að fullu samhljóða. Þá sé Félagsdómsmálið nr. 15/1996 höfðað af F.F.S.Í. Stefndi hafi ekki átt aðild að því máli.

Heimildin til að beita verkfalli til að knýja á um fullnægingu dóma Félagsdóms sé undantekning frá meginreglunni um að ekki megi hefja vinnustöðvun vegna réttarágreinings og sæti því þröngri lögskýringu. Verkfall sé neyðarúrræði, sem ekki skuli gripið til fyrr en önnur úrræði hafi verði tæmd.

Því sé við að bæta, að krafa stefnda, sem verið sé að framfylgja með hinu umdeilda verkfallsboði, hafi fyrst verið höfð uppi gagnvart stefnanda með bréfi sem dagsett var 13. maí, þ.e. eftir að atkvæðagreiðsla um verkfallsboðunina var hafin.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938, kjarasamnings aðila og þá einkum gr. 1.26. um sölu afla og kjarasamnings milli F.F.S.Í. og stefnanda gr. 1.03. um sölu afla innanlands.

Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður heimild sína til verkfallsboðunar við 17. gr. laga nr. 80/1938. Í nefndri grein segir m.a.: „Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.“

Kjarni þessa máls snúist um það hvernig túlka beri 17. gr. l. nr. 80/1938. Óumdeilt sé að heimilt sé að hefja vinnustöðvun til þess að knýja á um fullnustu úrskurða Félagsdóms.

Stefndi í máli þessu, Sjómannafélag Ólafsfiarðar, hafi ítrekað kafið stefnanda um efnidir þeirrar dómskyldu sem dómur Félagsdóms í máli nr. 15/1996 lagði stefnanda á herðar. Hafi sú kröfugerð stefnda bæði verið kynnt munnlega við forsvarmenn stefnanda og bréflaga, fyrst með bréfi stefnda dags. 13.05.1997 og síðar með bréfi félagsins dags 22.05.1997.

Stefnandi hafi hins vegar ítrekað vísað kröfugerð stefnda á bug án nokkurs rökstuðnings. Stefnandi hafi ekki mótmælt tölulegum málatilbúnaði stefnda fyrr en við framlagningu stefnu í þessu máli. Stefnandi, L.Í.Ú., hafi hins vegar ítrekað lýst afstöðu sinni til kröfugerðar stefnda, síðast með fréttabréfi sambandsins, útgefnu í apríl 1997, á þann hátt að sambandið muni hunsa kröfur félagsmanna.

Stefnanda sé í lófa lagið að afstýra verkfalli því, sem stefndi hefur boðað til með því að sinna þeirri kröfugerð stefnda, sem fram kemur á framlögðum dómskjölum. Sú afstaða stefnanda að hunsa kröfugerð stefnda og freista þess frekar að véfengja lögmæti hins boðaða verkfalls með atbeina Félagsdóms, lýsi í raun best afstöðu stefnanda. Stefnandi uni ekki niðurstöðu Félagsdóms.

Þrátt fyrir ofangreint þá hafi stefnandi klætt ágreining aðila í annan búning og borið því við að væntanlegt verkfall stefnda sé ólög-mætt af tilteknum ástæðum.

Í fyrsta lagi virðist stefnandi byggja á því að stefnda sé ekki heimilt að beita verkfalli til að knýja á um kröfugerð sína, þar sem Félagsdómur í máli nr. 15/1996 „feli aðeins í sér viðurkenningardóm um túlkun kjarasamnings, sem hvorki fjalli beint né skýlaust um greiðsluskyldu stefnda. Segir jafnframt að dómur þessi sé fjarri því að vera svo ótvíræð heimild um greiðsluskyldu stefnanda gagnvart þeim mönnum sem uppgjörskrafan lýtur að, að heimilt sé að beita vinnustöðvun til að knýja útgerðina til greiðslu“.

Í þessum orðum komi fram að stefnanda sé fullkunnugt um kröfugerð stefnda, sem uppi hafi verið frá 5. mars 1997 eða frá því að margnefndur dómur Félagsdóms féll. Kröfugerðin frá 13. maí sl. snúi hins vegar ekki að greiðsluskyldu stefnanda heldur kröfu félagsmanna stefnda um rétt uppgjör til hlutaskipta.

Í dómi Félagsdóms í máli nr. 15/1996 hafi verið dæmt að stefndi í því máli, stefnandi þessa máls, hefði brotið kjarasamning með því að hafa ekki tekið tillit til verðmætis mótttekis aflamarks við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Slíkt dómsorð feli ekki í sé viðurkenningardóm, eins og stefnandi byggir á, heldur áfellingisdóm á hendur stefnanda vegna brota á ákvæðum kjarasamnings. Þá er bent á, að í máli nr. 15/1996 hafi ekki verið fjallað um greiðsluskyldu stefnanda frekar en gert er í þessu máli, enda engin fjárkrufa sett fram af hálfu aðila. Fram komi í forsendum dómsins að dómurinn skilgreinir ágreiningsefnið á þann veg, að málið snúist um það hvort aðferðir

stefnanda við uppgjör til hlutaskipta hafi brotið í bága við kjarasamning aðila.

Þessi dómur Félagsdóms hafi eins og flestir aðrir dómar dómstólsins almennt gildi um það hvernig beri að túlka kjarasamninga. Þannig sé ótvírætt að umrædd niðurstaða sé jafn gild hvað varðar þá félagsmenn stefnda sem voru í starfi hjá sama atvinnurekanda á sama tíma og á sama skipi, að svo miklu leyti sem ágreiningur varðar samskonar samningsskyldur. Vinnustöðvun sú sem stefndi hefur boðað, taki aðeins til þeirra félagsmanna stefnda, sem voru skipverjar á því skipi stefnanda. Ef háttsemi stefnanda, sem hann viðhafði gagnvart félagsmönnum Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, var löglaus og brot á kjarasamningi aðila, þá hljóti hún að hafa verið jafn ólögæt gagnvart félagsmönnum stefnda, sem fengu óumdeilanlega afhent sömu uppgjör og félagsmenn Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, enda séu samningsskyldur þessara aðila orðrétt þær sömu þó að þær séu tilgreindar í sitt hvorum kjarasamningnum, þ.e. annars vegar í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og hins vegar í samningi Sjómannasambands Íslands.

Í öðru lagi er því haldið fram, að dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1963 hafi fordæmisgildi í máli þessu.

Í þriðja lagi hafi stefnandi til þrautar reynt að bera því við, að dómur Félagsdóms í máli nr. 15/1996 geti ekki haft fordæmisgildi né skuldbundið stefnanda þar sem málið snúist um túlkun ólíkra kjarasamninga. Þó sé sérkennilegt að stefnandi hafi ekki rakið það á nokkurn hátt í stefnu að hvaða leyti kjarasamningur Farmanna- og fiskimannasambandsins sé ólíkur samningi Sjómannasambands Íslands.

Ástæðan sé einfaldlega sú, að þessir tveir kjarasamningar við L.Í.Ú. séu nákvæmlega eins, hvað þau atriði varðar, sem snúa að þátttöku skipverja í útgerðarkostnaði. Sé grein 1.26. í kjarasamningi S.S.Í. orðrétt sú sama og I. kafli greinar 1.03. í kjarasamningi F.F.S.Í.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn á að fá álag, er honum nemur, dæmt úr hendi gagnaðila.

Niðurstæða.

Með dómi Félagsdóms uppkveðnum 5. mars 1997 í málinu nr. 15/1996 var því slegið föstu að Sæberg hf. hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna með því „að taka ekki tillit til verðmætis mótttekis aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis“. Í málinu var deilt um fiskverð til hlutaskipta í svokölluðu tonn á móti tonni viðskiptum.

Í gr. 1.26. I. í kjarasamningi aðila þessa máls segir: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum. . .“ Ákvæði þetta er efnislega samhljóða framangreindri grein 1.03. í kjarasamningi F. F. S. Í. og L. Í. Ú.

Í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu sem stóð frá 7.-14. maí sl. samþykkti Sjómannafélag Ólafsfjarðar að boða til ótímabundins verkfalls félagsmanna sem starfa á Hvannabergi ÓF-72. Verkfallið beinist gegn stefnanda, Sæbergi hf., og skal hefjast 6. júní n.k. Segir í verkfallsboðuninni frá 15. maí sl. að verkfallið skuli standa þar til útgerðin fallist á það að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og Félagsdóm í málinu nr. 15/1996. Þá kemur fram í bréfi Sjómannafélags Ólafsfjarðar, 13. maí sl., til Sæbergs hf. að útgerðin hafi ekki leiðrétt uppgjör skipverjanna á Hvannabergi ÓF-72 og eru þar jafnframt gerðar ákveðnar kröfur um greiðslur til skipverjanna. Ekki er í verkfallsboðuninni vísað til þessara tilteknu krafna, sem þar koma fram og við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir, að hið umdeilda verkfall væri ekki boðað til þess að knýja Sæberg hf. til greiðslu á þeim forsendum sem Sjómannafélag Ólafsfjarðar setti fram í bréfinu 13. maí sl.

Af hálfu stefnanda hefur því ekki verið mótmælt að skipverjum Hvannabergs ÓF-72 hafi ekki verið sent nýtt uppgjör eftir niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 15/1996. Útgerðarmanni ber skylda til frumkvæðis við að gera upp við skipverja eftir grein 1.26. I. í kjarasamningi aðila enda eru öll gögn og upplýsingar um verðmæti afla tiltæk stefnanda.

Sæberg hf. hefur ekki sinnt skyldu sinni til uppgjörs og var því félagsmönnum Sjómannafélags Ólafsfjarðar heimilt að boða hið umdeilda verkfall, sem koma á til framkvæmda 6. júní n.k., samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 150.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Valgeirs Pálssonar.

Með dómi Félagsdóms frá 5. mars sl. í málinu nr. 15/1996, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýri- mannafélags Norðlendinga gegn Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., var dæmt að Sæberg hf. taldist „hafa brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna með því að taka ekki tillit til verðmætis móttækis aflamarks fyrir seldan afla við tilgreiningu heildar- skiptaverðmætis“.

Mál það sem nú er til úrlausnar fyrir Félagsdómi snýst hins vegar um það hvort stefnda Sjómannafélagi Ólafsfjarðar sé heimilt að boða verkfall hjá Sæbergi hf., sem skal hefjast kl. 00:00 hinn 6. júní nk. og er ætlað að taka til félagsmanna Sjómannafélagsins, er starfa á Hvannabergi ÓF-72. Er verkfallinu ætlað að standa „þar til útgerðin fellst á að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og Félagsdóm nr. 15/1996, sem kveðinn var upp 5. mars 1997“, eins og segir í verkfallsboðun. Ágreiningur málsaðila snýst um túlkun á 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og

vinnudeilur með síðari breytingum, en samkvæmt því ákvæði er óheimilt að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

Með bréfi, dags. 13. maí sl., krafði Sjómannafélag Ólafsfjarðar Sæberg hf. um leiðréttingu á uppgjöri til þeirra félagsmanna sinna, er störfuðu á Hvannabergi ÓF-72 tímabilið 31. mars 1995 til 21. mars 1996. Miðaðist krafan við að 80 krónur hefðu fengist fyrir hvert kíló af rækju, sem skipið veiddi á umræddu tímabili og nam krafan samtals 6.192.292 krónum að meðtöldu 10,17% orlofi. Í bréfi Þormóðs ramma – Sæbergs hf., dagsettu 30. maí sl., kemur fram að á fundi með starfsmanni Sjómannafélagsins þann 20. maí hafi verið lagt til af hálfu útgerðarinnar að til grundvallar útreikningi kröfunnar yrði notað meðalverð hvers mánaðar samkvæmt gögnum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sem starfar samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi aðila og lögum nr. 84/1995, og reiknað sé út af Fiskifélagi Íslands. Þessari tillögu hafi hins vegar verið hafnað af hálfu Sjómannafélagsins. Af þessu má ráða að nokkur ágreiningur er með aðilum hvernig leiðréttu skuli uppgjörið í samræmi við kjarasamninga. Úr þeim ágreiningi verður ekki leyst fyrir Félagsdómi, sbr. m.a. úrskurð dómsins frá 27. september 1996 í máli nr. 10/1996 milli sömu aðila og aðild áttu að máli nr. 15/1996. Greið leið á að vera fyrir aðila að fá úr þeim ágreiningi skorið fyrir hinum almennu dómstólum í landinu.

Ákvæði 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 um heimild til að hefja vinnustöðvun til að fullnægja dómum Félagsdóms er undantekning frá meginreglum laganna um heimildir til vinnustöðvunar, sbr. 14. gr. laganna. Ber að skýra ákvæðið þröngt. Dómar verða að niðurstöðu til að vera skýrir og ótvíræðir um það hverjar efndir aðila skulu vera þannig að knýja megí fram fullnægju þeirra með verkfalli í skjóli 1. tl. 17. gr. Dómsniðurstaða Félagsdóms í máli nr. 15/1996 hefur ekki að geyma nein fyrirmæli um það með hvaða hætti skuli tekið tillit til verðmætis móttækis afla við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Uppgjör til áhafnar Hvannabergs vegna tímabilsins 31. mars 1995 til 21. mars 1996 hafði farið fram á sínum tíma. Engin gögn liggja fyrir í málinu um það, hvort eða hversu háar upphæðir útgerðinni ber að greiða áhöfninni vegna niðurstöðunnar í téðum dómi Félagsdóms frá 5. mars sl. Þá átti Sjómannafélag Ólafsfjarðar ekki aðild að því

máli heldur Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga vegna þeirra yfirmanna er störfuðu á skipinu. Að þessu athuguðu verður ekki talið að dómurinn frá 5. mars sé svo skýlaus og ótvíráð heimild um greiðsluskyldu útgerðarinnar gagnvart þeim skipverjum á Hvannabergi, sem eru í Sjómannafélagi Ólafsjarðar, að félagið geti knúið fram frekari launagreiðslur með boðun verkfalls.

Að svo vöxnu máli verður atkvæði mitt að dæma beri fyrirhugað verkfall sem hefjast skal 6. júní nk. ólögmett og stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað að teknu tilliti til virðisauka-skatts.
